



REYKJANESBÆR

Forvarnarsjóður ÍT

Íprótta- og tómstundaráð Reykjanesbæjar

UMSÓKNAREYÐUBLAÐ

Vinsamlega fyllið eyðublaðið út eins nákvæmlega og kostur er. Slíkt flýtir fyrir afgreiðslu og getur haft áhrif á styrkuppþæð. Ef sótt er um styrki vegna starfsemi félags/klúbbs er nauðsynlegt að skila inn greinargerð, þar sem fram koma helstu upplýsingar um félagið/klúbbinn og starfsemi þess/hans.

Umsóknum skal skila skrifstofu Íprótta- og tómstundafulltrúa, Tjarnargötu 12, 230 Reykjanesbæ merktar: **Forvarnarsjóður ÍT**.

ATH – sækja skal fyrirfram í sjóðinn. Taka skal fram ef verkefnið fær styrk annarsstaðar.

1. Félag/klúbbur: Heilsuettlandi grunnskólar Reykjanesbæjar
2. Nafn forráðamanns: Gundrún Magnúsdóttir
3. Heimili: Tjarnagata 12
4. Styrkuppþæð sem sótt er um 2.000.000.-
5. Ástæða styrkumsóknar/styrkveitingar: sjá fylgiskjal

** Bókast miðlaegt á FRÆ*

Banki: _____ höfuðbók _____ reikningsnúmer _____

Kennitala:

Dagsetning umsóknar/styrkveitingar:

18. maí 2021

Undirskrift f.h. félags eða klúbbs: Hildur M. Magnúsd.

Umsókn/styrkur móttakin: _____

Afgreiðsla ÍT dags. _____

Staðfesting f.h. ÍT: _____

Fylgiskjal með umsókn um styrk úr Forvarnarsjóði ÍT.

Heiti verkefnis:

Sterkari út í lífið - samstarfsverkefni Heilsueflandi grunnskóla í Reykjanesbæ

Nafn þeirra sem sækja um:

Hildur Björnsdóttir, Hildur María Magnúsdóttir, Jón Ásgeir Þorvaldsson, Katrín Sigurbergisdóttir, Jóna Helena Bjarnadóttir, Sigurbjörg Jónsdóttir, Þórey Garðarsdóttir

Starf þess sem sækir um:

Tengiliðir grunnskólanna (Reykjanesbæ) í verkefninu Heilsueflandi grunnskóli

Nafn verkefnastjóra:

Guðrún Magnúsdóttir

Netfang verkefnastjóra:

guðrun.magnusdottir@reykjanesbaer.is

Starfsheiti verkefnastjóra:

Lýðheilsufræðingur Reykjanesbæjar

Hvaða áskorunum er verið að bregðast við með þessu verkefni? Af hverju er verkefnið mikilvægt:

Verkefnið er hugsað til að efla ungmenni við að standa með sjálfum sér, hafa trú á eigin getu og þor til þess að takast á við hinar ýmsu áskoranir. Markmiðið er að auka gleði, jákvæðni og hamingju nemenda og læra leiðir til þess að efla þá. Við teljum mjög brýnt að bregðast við þeirri samfélagslegri áskorun sem við stöndum frammi fyrir á þessum fordæmalausum tímum. Andleg líðan unglinga hefur verið áhyggjuefni og viljum við nýta tækifærið til þess að opna umræðuna, bæta heilsu ungmenna með því að gefa þeim verkfæri sem nýtist þeim út í lífið.

Hver eru helstu markmið verkefnisins og hver er væntanlegur ávinningur fyrir skólasamfélagið í Reykjanesbæ:

Markmiðið er að allir nemendur á unglíngastigi grunnskóla Reykjanesbæjar fái tækifæri og fræðslu til að efla eigið sjálf. Með sameiginlegu verkefni vinnum við samkvæmt framtíðarsýn Reykjanesbæjar að allir fái jöfn tækifæri óháð því hvaða skóla þeir sækja. Ávinningur verkefnisins er að byggja upp sterkari einstaklingarnir sem eru betur í stakk búin að takast á við þær áskoranir sem þeir standa frammi fyrir á unglingsárum og bæta samstarf skólanna í gegnum verkefnið Heilsueflandi grunnskóli í Heilsueflandi samfélagi.

Hvaða áherslupættir tengist verkefnið:

Heilbrigði og velferð

Hvernig tengist verkefnið áherslupættinum:

Reykjanesbær leggur áherslu á geðrækt í verkefninu Heilsueflandi samfélag og munu skólarnir gera slíkt hið sama. Með þessu verkefni þá teljum við að unnið sé markvisst að því að bæta andlega heilsu ungmenna í Reykjanesbæ.

Lýsing á framkvæmd verkefnisins og tímaáætlun:

Skólaárið 2021 -2022 Ætlunin er að vera í samstarfi t.d. við KVAN og Hinseginleikann sem munu koma inn í alla grunnskólana í Reykjanesbæ með erindi jafnt og þétt yfir skólaárið þar sem markhópurinn er unglingastigið. Fræðslan fer fram í hverjum skóla fyrir sig.

Hvernig verður árangur verkefnisins metinn:

Lagður verður fyrir rafrænn spurningalisti (byggður á áhersluatriðum úr gátlistum fyrir geðrækt í verkefninu Heilsueflandi grunnskóli) fyrir nemendur um líðan í upphafi og lok skólaárs og niðurstöður bornar saman til að meta árangur.

Sundurliðuð kostnaðaráætlun. Gróf áætlun um laun, efniskostnað, aðkeypta þjónustu o.fl.:

Aðkeypt þjónusta: 2.000.000 kr (285.000 kr á skóla).

Aðrar upplýsingar:

Verkefnið er samstarfsverkefni allra grunnskóla Reykjanesbæjar. Tengiliðir í Heilsueflandi grunnskóla hafa verið að vinna saman á þessu skólaári og stefna á frekara samstarf á komandi skólaári. Allir tengiliðir hafa fengið samþykki skólastjórnenda til að sækja um þennan styrk og allir upplýstir um markmið verkefnisins. Við teljum styrkleika fólgin í því að sækja sameiginlega um og þannig ríki jafnræði innan grunnskóla Reykjanesbæjar.

Fyrir hönd teymisins

Hildur María Magnúsdóttir og Hildur Björnsdóttir